

inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindi berist af lóð hans á lóð annars manns.

38. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina en ekki barninu. Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa af broti sínu og enginn einstaka maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

39. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Bæjarsjóður greiði kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

40. gr.

Bæjarsjóður greiðir allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og eigi verður krafist af einstökum mönnum.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seltjarnarness hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. apríl 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Saðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Stefáns Hannessonar og Steinunnar Helgu Árnadóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. apríl 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Stefáns Hannessonar og Steinunnar Helgu Árnadóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Stefáns Hannessonar og Steinunnar Helgu Árnadóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með framlögum og að tilhlutan barna og barnabarna þeirra sem sjóðurinn ber nafn af: Stefáns Hannessonar, kennara í Litla-Hvammi og konu hans Steinunnar Helgu Árnadóttur, Litla-Hvammi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 600 000.00 króna framlag stofnenda sjóðsins. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal hann ávaxtaður í verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs og í bankastofnunum og skulu ársvextir lagðir við höfuðstólinn fram til 1. janúar, 1981. Eftir þann tíma skal ársvöxtum varið sem hér segir: 1/3 hluti ársvaxta renni til Ketilsstaðaskóla í Dyrhólahreppi til bókakaupa fyrir bókasafn skólans eða til endurnýjunar á kennslutækjum fyrir skólann. 1/3 hluti til uppgræðslu lands í Mýrdal, 1/3 hluti ársvaxta fellur hverju sinni til höfuðstóls. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum frá þeim mönnum, stofnunum eða félögum, sem vilja efla vöxt sjóðsins og styðja tilgang hans. Skal allt fé, sem sjóðnum áskotnast þannig jafnan lagt við höfuðstól.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, tveir frá stofnendum sjóðsins eða afkomendum þeirra, oddvitar Dyrhólahrepps og Hvammshrepp og skólastjóri Ketilsstaðaskóla. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún hefir á hendi reikningsfærslu sjóðsins og ber ábyrgð á fé hans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans undirritaðir af stjórn sjóðsins árlega og sendir sýslunefnd Vestur-Skaftafells-sýslu til athugunar.

5. gr.

Stjórnin heldur gerðabók og skulu í hana færðar allar fundargerðir, ályktanir og bréf, er hún ritar viðvíkjandi sjóðnum, svo og reikningar sjóðsins. Stjórnin varðveitir og öll bréf hans og önnur skjöl, er henni berast sjóðnum viðkomandi.

6. gr.

Eflist sjóðurinn svo, að verksviði hans verði meira en fullnægt, má færa verksviðið út, en jafnt á þær tvær greinar, sem verksvið hans kveður á um, þ. e. til skóla eða annarrar hliðstæðrar menningarstofnunar í Dyrhólahreppi og til landræktar í Mýrdal.

7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 415 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

4. töluliður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
4. Fyrir Vesturlandi allt árið á svæði, sem markast af línun, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
1. 65°25' n. br., 27°00' v. lgd.
 2. 65°26' n. br., 26°54' v. lgd.
 3. 65°08' n. br., 26°48' v. lgd.
 4. 64°39' n. br., 26°54' v. lgd.
 5. 64°39' n. br., 27°02' v. lgd.
 6. 65°03' n. br., 27°09' v. lgd.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni